

Sorpstöð Suðurlands, kt. 420481-0719, (SOS) annars vegar og hins vegar, **Samtök sunnlenskra sveitarfélaga**, kt. 480775-0159, (SASS), gera með sér svofelldan:

ÞJÓNUSTUSAMNING

1. gr.

Almennt

SASS tekur að sér skrifstofuþjónustu, daglegan rekstur og faglegt starf fyrir SOS og útvegar SOS skrifstofuaðstöðu skv. samningi þessum.

2. gr.

Húsnæðis- og skrifstofuaðstaða

SASS útvegar SOS geymslu fyrir máls- og bókhaldsgögn ásamt aðgengi að fundarsal og heldur utan um símanúmer og tölvupóstfang SOS.

3. gr.

Skrifstofuþjónusta, daglegur rekstur og faglegt starf

SASS tekur að sér skrifstofuþjónustu, daglegan rekstur og faglegt starf fyrir SOS. Felur þetta m.a. í sér eftirfarandi verkefni:

- Almennt skrifstofuhald, þar með talið:
 - o Gerð, útsending og innheimta reikninga.
 - o Greiðsla reikninga.
 - o Launavinnsla og ut anumhald vegna launagreiðslna.
 - o Ljósritun, síma varsla og viðhald heimasíðu.
 - o Móttaka á tölvupósti og miðlun.
 - o Kaffi ums jón vegna funda o.fl.
 - o Bókhaldsskráning og -ut anumhald og vinnsla bókhalds í hendur endurskoðanda.
- Undirbúningur og umsjá stjórnarfundar SOS í samvinnu við stjórnarformann SOS, þ.m.t. fundarboðun, ritun og birting fundargerða.
- Tengiliðastörf fyrir SOS við aðildarsveitarfélög þess, m.a. gagna- og upplýsingagjöf til þeirra v. fyrirtöku mála sem varða byggðasamlagið.
- Fjármálastjórn og undirbúningur og eftirfylgni fjárhagsáætlunar í samvinnu við stjórn SOS.
- Undirbúningur aðalfundar SOS í samvinnu við stjórn SOS sé hann haldinn.
- Umsjá með verkefnum tengdum lokun og vöktun urðunarsvæðis að Kirkjuferjuháleigu 3 í Ölfusi eins og er nánar útlistað í ákvæði 4. gr. samnings þessa.
- Greining tækifæra til samvinnu sveitarfélaga á starfssvæði SOS og SASS í úrgangsmálum og hvað nánara samstarf á þessum vettvangi getur haft í för með sér til hagsbóta fyrir sveitarfélög á svæðinu eins og er nánar útlistað í ákvæði 5. gr. samnings þessa.
- Umsjón og hagsmunagæsla vegna eignarhluta SOS í Orkugerðinni ehf. eins og nánar er útlistað í ákvæði 6. gr. samnings þessa.
- Störf fulltrúa Suðurlands í svæðisráði/samráðsvettvangi um úrgangsmál sem SOS er aðili að (svæðisáætlun um úrgangsmál).
- Fræðsla, miðlun og upplýsingagjöf í úrgangsmálum á starfssvæði SOS.
- Önnur tilfallandi verkefni tengd úrgangsmálum.

Um verkefni SOS vísast að öðru leyti til gr. 1.2 í samþykktum byggðasamlagsins.

4. gr.

Urðunarstaður að Kirkjuferjuháleigu 3

SASS tekur að sér skv. samningi þessum umsjá verkefna í tengslum við lokun og vöktun urðunarsvæðis að Kirkjuferjuháleigu 3 í Ölfusi, fnr. F2219915, lnr. L174184.

SOS ber ábyrgð á viðhaldi urðunarsvæðisins og vöktun og greiningu vatns í nágrenni þess, sbr. 61. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, og ber skyldur til lögbundins eftirlits með svæðinu a.m.k. til ársins 2045 samkvæmt gildandi lokunaráætlun.

Verkfræðistofan Efla hefur sinnt þeim verkefnum sem tengjast lokun og vöktun urðunarsvæðisins að Kirkjuferjuháleigu samkvæmt fyrirbyggjandi samningi frá árinu 2015 og er fyrirhugað að svo verði áfram. SASS tekur að sér umsjá samningagerðar við Eflu vegna verkefnisins eftir því sem þörf verður á ásamt eftirfylgni og samskiptum við Eflu vegna verkefnisins. Verði gerður nýr samningur við Eflu vegna verkefnisins skal hann lagður fyrir stjórn SOS til samþykktar.

Kirkjuferjuháleiga 3 verður áfram skráð eign SOS og ábyrgð á verkefninu liggur áfram hjá SOS. Verkefni tengd urðunarsvæðinu eru þannig í umsjá SASS og eru unnin í samvinnu við stjórn SOS á ábyrgð SOS.

5. gr.

Greining tækifæra til samvinnu o.fl.

SASS tekur að sér vinnu við greiningu tækifæra til samvinnu sveitarfélaga á starfssvæði SOS og SASS í úrgangsmálum og hvað nánara samstarf á þessum vettvangi getur haft í för með sér til hagsbóta fyrir sveitarfélög á svæðinu, þ.m.t. með tilliti til fyrirbyggjandi greininga á úrgangsstraumum og möguleikum á sjálfbærni og hagræðingu. Vinna þessi skal þannig ekki einungis ná til sveitarfélaga á starfssvæði SOS, heldur einnig þeirra aðildarsveitarfélaga SASS sem standa utan SOS.

Skýrsla um stöðu vinnunnar skal lögð fyrir fund stjórnar SOS 6 sinnum á ári og kynnt sérstaklega af starfsmanni sem ráðinn verður m.a. til vinnslu þessa verkefnis skv. 7. gr. samnings þessa.

Afrakstur þessa skal lagður fyrir aðalfund SOS fyrri hluta ársins 2027 ásamt tillögum að mögulegum valkostum um áframhaldandi starfsemi SOS og greinargóðri skýrslu um niðurstöður greiningarvinnunnar og fyrirbyggjandi tillögur.

6. gr.

Eignarhlutur SOS í Orkugerðinni ehf. o.fl.

SASS tekur að sér umsjón, hagsmunagæslu og fjármálastjórn vegna eignarhluta SOS í Orkugerðinni ehf., kt. 580169-7249. Ávallt þarf þó að leggja ákvarðanir um hlutafjárkaup fyrir aðalfund SOS í samræmi við ákvæði samþykpta SOS þar um.

Eignarhlutur SOS í félaginu verður áfram í eigu SOS. Stjórn SOS tilnefnir fulltrúa í stjórn Orkugerðarinnar með sama hætti og áður.

7. gr.

Ráðning starfsmanns o.fl.

Starfsmaður verður ráðinn til SASS tímabundið til 1 árs til þess að sinna verkefnum og starfsemi SOS skv. samningi þessum. Mun starfsmaðurinn m.a. fara með umsjón verkefna skv. 4.-6. gr. samnings þessa. Starfsmaðurinn mun einnig nýttast SASS í önnur tilfallandi verkefni á sviði úrgangsmála. Starfsmaðurinn heyrir undir framkvæmdastjóra SASS í skipuriti og lýtur boðvaldi hans.

Innifalið í samningum er vinna ráðgjafa á vegum SASS í verkefnum fyrir SOS að hámarki 30 klukkustundum til viðbótar við framangreint stöðugildi starfsmanns hjá SASS.

8. gr.
Endurgjald

SOS greiðir SASS endurgjald fyrir veitta þjónustu og aðstöðu skv. samningi þessum að fjárhæð **kr. 20.000.000,- tuttugumilljónirkróna** 00/100. Heildargreiðslan skiptist í 12 mánaðarlegar greiðslur með gjalddaga fyrsta virka dag hvers mánaðar, sú fyrsta við undirritun samnings þessa.

9. gr.
Gildistími samnings

Samningur þessi gildir í 1 ár frá undirritun hans. Vilji aðilar framlengja samningstímanum að gildistíma hans loknum skal það gert með undirritun nýs samnings þar um.

10. gr.
Úrlausn ágreiningsmála

Um málskot til dómstóla gilda almennar reglur og hafa báðir aðilar samnings þessa rétt til að skjóta ágreiningi um úrlausn matsnefndar eignarnámsbót til dómstóla. Rísi mál út af samningi þessum skal það höfðað fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Til staðfestu framanrituðu eru nöfn aðila undirrituð í votta viðurvist.

Staður og dagsetning

Ingunn Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,
f.h. Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga

Ása Valdís Árnadóttir, stjórnarformaður,
f.h. Sorpstöðvar Suðurlands

Vottar að rétttri dags., fjárræði og undirskrift:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala